

SKILMÁLAR FYRIR NOTKUN OG AÐGANG UMSÆKJENDA AÐ RADA.IS

Inngangur

Hér á eftir fara skilmálar þeir sem gilda um notkun og aðgang umsækjenda að rada.is.

Advania áskilur sér einhliða rétt til að breyta skilmálum þessum. Fjallað er nánar um slíkar breytingar í grein 10 hér að neðan.

Skilmálar eru gefnir út þann 1. júlí 2014 og gilda frá þeim degi.

1. Um rada.is og aðgangur að kerfinu

Rada.is er mannaúskerfi (hér eftir vísað til sem „kerfið“ eða „rada.is“) sem atvinnuveitendur kaupa aðgang að og nýta til að auglýsa og vinna umsóknir um störf. Öll ábyrgð á umsóknarferlinu er í höndum þess atvinnuveitanda sem auglýsir starf til umsóknar og ber umsækjanda að beina öllum fyrirspurnum varðandi umsóknarferlið að atvinnuveitanda.

Fyrirtækið sem umsækjandi sækir um starf hjá nýtir rada.is í framangreindum tilgangi. Umsóknir munu því fara í gegnum kerfið og lúta þeim skilmálum sem hér koma fram.

Umsækjandi getur valið um að stofna aðgang að rada.is og þá vistar kerfið þær upplýsingar sem settar eru inn í það á meðan aðgangur umsækjanda er virkur. Umsækjandi getur jafnframt kosið að sækja um starf án þess að stofna til aðgangs að rada.is og vistast þá upplýsingarnar ekki í kerfinu sem slíkar, að öðru leyti en að umsóknir eru að vistaðar í ár eftir að þær berast. Þá eru tilteknaðar ópersónugreinanlegar upplýsingar vistaðar í þeim tilgangi að safna saman tölfraðilegum upplýsingum um umsækjendur, sbr. gr. 4 í þessum skilmálum. Hvort sem umsækjandi kysir að stofna aðgang að rada.is eða ekki gilda eftirfarandi skilmálar um notkun á kerfinu.

2. Skilgreiningar

Atvinnuveitandi: Með hugtaki þessu er átt við fyrirtæki sem auglýsa störf

Kerfið: Með hugtakinu kerfið er átt við rada.is.

Notandi: Með hugtakinu notandi er átt við hvern þann einstakling sem notar kerfið hvort sem að viðkomandi hefur skráð sig fyrir aðgangi að kerfinu eða ekki.

Skilmálar: Með hugtakinu skilmálar er átt við skilmála þessa.

Vinnuveitandi: Með hugtaki þessu er átt við fyrirtæki sem auglýsir starf með þjónustu rada.is.

Umsækjandi: Með hugtakinu er átt við aðila sem sækja um auglýst störf á rada.is.

3. Notkun, aðgangur og notendaupplýsingar

3.1. Notkun á rada.is

Til notkunar á kerfinu telst m.a. skoðun, upplýsingaöflun og hvers kyns nýting þeirrar þjónustu sem í boði er á vefsvæðum rada.is á hverjum tíma, hvort sem að notandi hefur skráð sig fyrir aðgangi að kerfinu eða sækir um starf án þess að stofna aðgang. Öll notkun kerfisins takmarkast við þær aðgerðir sem eðlilegar og löglegar geta talist, ásamt þeim upplýsingum og þjónustu sem boðið er upp á á hverjum tíma. Advania áskilur sér rétt til að meina aðilum að stofna og eða nota aðgang að rada.is.

3.2. Notendaupplýsingar

Notendanafn, lykilorð og aðrar samskiptaupplýsingar sem notandi kann að láta Advania í té teljast til „aðgangsupplýsingar“ notanda.

Réttur notanda til að fá aðgang að og nota þjónustuna er einstaklingsbundinn og notanda er ekki heimilt að flytja þann rétt til annars manns eða lögaðila. Þannig er notanda ekki heimilt að heimila öðrum aðilum að nota aðgang sinn að kerfinu.

Notandi skilur og samþykkir að hann/hún sé ábyrg(ur) fyrir því að tryggja leynd lykilorðsins sem gerir notanda kleift, ásamt notendanafni, að fá aðgang að kerfinu. Ef notandi verður á einhvern hátt var/vör við að óviðkomandi aðili hafi komist yfir aðgangsupplýsingar sínar, samþykkir notandi að láta Advania strax vita með því að senda tölvupóst á advania@advania.is.

3.3. Rafrænar tilkynningar

Rafrænar tilkynningar frá rada.is verða sendar á netfangið sem notandi gaf upp við skráningu rada.is.

Með því að skrá sig fyrir aðgangi að kerfinu, samþykkir notandi að Advania megi, þegar nauðsyn krefur, senda notanda tilkynningar á netfang það sem skráð er í tengslum við aðgang notanda að kerfinu. Allir sem hafa aðgang að tölvupósti notanda munu geta séð innihald þessara tilkynninga.

Þar sem tilkynningar eru ekki dulkóðaðar munu þær aldrei innihalda lykilorðið notanda. Í þeim tilfellum sem notandi gleymir lykilorði sínu getur hann þó fengið sendan hlekk á netfang sitt á slóð sem gerir notanda kleift að búa til nýtt lykilorð.

4. Trúnaður, persónuvernd og vinnsla gagna

Farið verður með allar upplýsingar sem umsækjandi veitir við umsóknarferlið í gegnum kerfið, hvort sem að umsækjandi hefur skráð þig fyrir aðgangi eða ekki, sem trúnaðarmál og samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Rada.is mun halda yfirlit yfir tölulegar upplýsingar um bakgrunn umsækjenda með því að safna saman ópersónugreinanlegum upplýsingum um menntun, kyn, aldur og fyrri störf umsækjenda. Slíkar upplýsingar verða nýttar til að gefa atvinnuveitendum tölfraðilegt yfirlit yfir bakgrunn umsækjenda. Það athugast að þær upplýsingar sem varðveittar eru með þessum hætti verður ekki eytt að 12 mánuðum liðnum.

5. Umsóknarferli

Umsóknarferlið er alfarið á ábyrgð þess aðila sem auglýsir starf. Umsækjandi er heimilt að óska eftir að afturkalla umsókn sína á hvaða tímapunkti sem er og skal beina slíkri beiðni að atvinnuveitanda.

Umsóknir eru varðveittar í 12 mánuði frá því að þær berast. Umsækjandi er heimilt að óska eftir að umsókn hans sé eytt á hvaða tímapunkti sem er og skal beina slíkri beiðni að atvinnuveitanda.

6. Hugverkaréttindi

Advania veitir umsækjanda leyfi til að skoða og nota rada.is samkvæmt þessum skilmálum. Allt innihald rada.is, þar með talið útlitshönnun (t.d. texti, grafik, myndir, vörumerki), ljósmyndir, hugbúnaður, ritstýrt efni, tilkynningar og annað efni er varið samkvæmt höfundarréttar- og vörumerkjálögum á Íslandi og annars staðar. Öll dreifing, endurútgáfa eða rafræn afritun af höfundar- og vörumerkjavörðu efni rada.is, hvort heldur sem er að hluta til eða heild, er með öllu óheimil. Um brot gegn þessari grein fer skv. ákvæðum 16. gr.

7. Ábyrgðartakmarkanir

Advania ábyrgist ekki að umsóknarferli fari fram með tilteknum hætti og að tiltekinn árangur náist af notkun rada.is.

Notendur skrá sig og nota þær þjónustur sem í boði eru á rada.is á eigin ábyrgð.

Advania ber ekki ábyrgð á útlögðum kostnaði eða öðru tjóni umsækjenda ef atvinnuveitandi afturkallar umsókn.

Advania reynir eftir fremsta megni að tilkynningar eða efni sent inn eða í gegnum rada.is berist fljótt og örugglega til viðtakenda. Komið getur fyrir að slíkar tilkynningar berist ekki viðtakendum af ýmsum ástæðum eða berist þeim seint. Advania ábyrgist á engan hátt að tilkynningar berist, berist á réttum tíma og/eða að þær innihaldi ávallt nýjustu og/eða réttar upplýsingar. Advania ber enga skaðabótaskyldu vegna tilkynninga sem berast seint eða alls ekki, vegna villna í efni tilkynninga eða vegna ákvarðana sem áskrifendur, vinnuveitendur, notendur eða þriðji aðili taka eða taka ekki vegna tilkynninga sem sendar eru frá rada.is.

Aðgangur að rada.is gæti rofnað af og til af ýmsum ástæðum, t.d. vegna vélbúnaðarbilana, tæknilegra bilana, hugbúnaðarvillna, kerfisuppfærslna, eða vegna aðgerða sem Advania kann að kjósa að grípa til. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem slíkt kann að valda.

Advania ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við vefsvæði, vafra eða stýrikerfi notanda eða tölvukerfi, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir á rada.is geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast s.s. vegna tæknibilana, villna í gögnum eða truflana í rekstri tölvukerfa.

Advania ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði áskrifenda eða

notanda eða af öðrum orsökum sem kunna að valda því að upplýsingar á rada.is eru ekki réttar eða að notandi nái ekki að tengjast þjónustunni.

Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila.

Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h.

8. Afritun, vöktun og öryggi

Það er með öllu óheimilt að setja nokkurs konar skrá eða gögn á vefsvæði rada.is sem gæti flokkast sem einhverskonar tölvuvírus, tölvuormur eða tróju hestur eða inniheldur einhverskonar skaðlega eiginleika eða sem gæti á einhvern hátt truflað eðlilega virkni þjónustunnar.

Það er með öllu óheimilt að reyna á nokkurn hátt að sækja, birta eða greina (e. reverse engineer) á annan hátt undirliggjandi forritskóða (e. source code) út frá þeim hugbúnaði sem er notaður á rada.is. Ef notandi fær að öðrum ástæðum aðgang að undirliggjandi forritunarkóða, s.s. vegna bilunar þá ber honum að tilkynna slíkt til vefstjóra advania@advania.is.

Það er með öllu óheimilt að nota neins konar sjálfvirkar hugbúnað, forrit eða annars konar sjálfvirkar aðferðir til að fá aðgang, afrita eða fylgjast með nokkrum hluta af vefsvæði rada.is nema með skriflegu leyfi Advania og/eða ef slík þjónusta var keypt af Advania.

Það er með öllu óheimilt að nota neins konar forrit, hugbúnað eða annars konar aðferðir til að heimsækja, nota eða leita að gögnum á vefsvæði rada.is nema með almennum vöfrum (t.d. Firefox, Chrome, Opera eða Internet Explorer) og almennum leitarvélum (t.d. Google eða Bing).

Það er með öllu óheimilt að trufla notkun annarra notenda sem nýta sér þjónustuna, t.d. er áskrifendum ekki heimilt að trufla eðlileg samskipti á gagnvirkum vefsvæði rada.is, eyða eða breyta efni sem aðrir hafa sent inn, gera eitthvað sem veldur óeðlilega miklu álagi á þjónustuna og tölvukerfið sem hún keyrir á eða nokkuð annað sem truflar eðlilegt aðgengi annarra notenda að þjónustunni.

Notanda er einungis heimilt að nýta gögn sem honum til heyra og er með öllu óheimilt að nýta sér kerfið í þeim tilgangi að öðlast aðgang að eða nálgast gögn og upplýsingar sem tilheyra öðrum áskrifendum eða notendum rada.is.

9. Brot á skilmálum og lögbrot

Verði notendur uppvísir að brotum á þessum skilmálum, misnotkun á kerfinu eða hegða sér á þann hátt að augljóst er að viðkomandi getur ekki eða ætlar ekki að uppfylla ákvæði þessa skilmála er Advania hvenær sem er, og án fyrirvara, heimilt að loka aðgangi slíks aðila að rada.is og eftir atvikum eyða honum. Í slíku tilfalli verður áskrifanda send tilkynning þess efnis á netfangið þess aðila sem gefið var upp við skráningu og hefur fullan aðgang að kerfinu.

Ef grunur vaknar að um lögbrot sé að ræða þá áskilur Advania sér rétti til tilkynna slíkt til yfirvalda.

10. Breytingar á skilmálum

Advania áskilur sér einhliða rétt til að breyta skilmálum þessum. Komi til breytinga mun notandi þurfa að samþykka nýja skilmála næst þegar hann nýtir sér þjónustu rada.is. Samþykki fyrir skilmálum er skilyrði fyrir notkun rada.is.

11. Lög og varnarþing

Skilmálar þessir lúta íslenskum lögum. Ef eitthvert ákvæði skilmála þessara verður dæmt ógilt, ólöglegt eða óháft til fullnustu, dregur það ekki á neinn hátt úr gildi, lögmæti eða fullnustuhæfi annarra ákvæða skilmálanna.

Ágreining um skilmála þessa skulu Advania og viðskiptavinur leitast við að leysa með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.